

Fundagerð

Miðvikudaginn 9.nóvember 2022 var haldinn fundur hjá starfshópi um hjólastefnu Hafnarfjarðar, og hófst hann kl. 15:00 á skrifstofu Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar, Norðurhelli 2, 221 Hafnarfjörður. Mættir voru: Dána Björk Olsen (DBO), Hilmar Ingimundarson (HI), Ómar Freyr Rafnsson (ÓFR), Helga Stefánsdóttir (HS) Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar, Berglind Guðmundsdóttir (BG) Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar.

- 1. Fundagerð** - Síðasta fundagerð lögð fram til samþykktar - Samþykkt
- 2. Markmið** - markmið Reykjavíkurborgar skoðuð betur til viðmiðunar, lauslega borið saman við þau markmið sem starfshópur hefur rætt á sínum fundum.
- 3. Almenn umræða** - lausleg umræða um leiðinlega bletti innan hfj, blettir eins og Hringtorgið við setbergið, Drafnarsvæðið og aðrir blettir.
- 4. C-leið** - skoðuðum betur hugmynd um að hafa C-leið frá skarðshlíðasvæðinu í gegnum yrsta svæðið á völlum alveg að Ásvöllum, undir brúnna og tengja við nýkomna C-leið á strandgötu. C-leið mun svo halda áfram meðfram höfninni alveg að Herjólfsgötu þar sem pláss er nú þegar á hjólastíg til þess að breyta í C-leið. Frá sama punkti á Skarðshlíðasvæðinu myndi C-leið halda áfram í átt að flóttamannaleið og stoppa í Setberginu. (Gróf mynd að neðan)
- 5. Verkefnaskipting** - rætt að deila niður verkefnum, hafa verkefni hvers og eins skýr og greinilega upp á að komandi fundir starfshóps séu skilvirkari.

Berglind & Helga ætla að skoða hvað þetta eru margir kílómetrar þ.e.a.s. C-leið og setja upp kostnaðaráætlun.

Ómar ætlar að setja leiðarlýsingu og mynd til útskýringa af C-leið.

Hilmar ætlar að sjá um inngang og markhópagreiningu.

Dána ætlar að sjá um rekstur og viðhald innviða.

Lilja ætlar að skoða hönnun innviða.

- 6. Næstu Fundir** - Miðvikudaginn 23 nóvember / Miðvikudaginn 7 Desember

Fundi lokið kl 17:15

